



# Framkvæmda- fréttir 26. tbl. /02



Mislæg gatnamót Hringvegjar og Víkurvegjar

Ný mislæg gatnamót Hringvegjar (Vesturlandsvegjar) og Víkurvegjar voru vígð 5. júlí. Sjá opnu.

## Auglýsingar útboða

### Hafnarfjarðarvegur (40), aðrein Digranesvegjar 02-072

Vegagerðin, Reykjanesumdæmi óskar eftir tilboðum í verkið Hafnarfjarðarvegur (40) aðrein Digranesvegjar. Um er að ræða aðrein frá Digranesvegi að Hafnarfjarðarvegi í Kópavogi með breikkun inn í miðeyju.

Helstu magntölur: skering í laus jarðlög 1.780 m<sup>3</sup>, neðra burðarlag 300 m<sup>3</sup>, efra burðarlag 520 m<sup>3</sup>, malbik 5.160 m<sup>2</sup>, yfirborð eyju og fláa 1.770 m<sup>2</sup>, kantsteinar 1.365 m, vegrið 580 m.

Verki skal vera að fullu lokið 1. nóvember 2002.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni í Borgartúni 7, Reykjavík (móttaka), frá og með mánudeginum 22. júlí 2002. Verð útboðsgagna er 3.000 kr.

Skila skal tilboðum á sama stað fyrir kl. 14:00 þriðjudaginn 6. ágúst 2002 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.

### Suðurfjarðavegur (96) á Fáskrúðsfirði 02-073

Vegagerðin, Austurlandsumdæmi, óskar eftir tilboði í endurbætur og lagfæringar á Suðurfjarðavegi í og við þéttbýlið á Fáskrúðsfirði. Gera á um 250 m<sup>2</sup> áningarstað, byggja 25 m langan stoðvegg, endurbyggja um 100 m langan vegkafla ofan við hafnarsvæði og setja ræsi, niðurföll og frárennislagnir á um 60 m vegkafla innst í þéttbýlinu.

Helstu magntölur: skeringar 1.000 m<sup>3</sup>, burðarlag 1.200 m<sup>3</sup>, klæðing 1.000 m<sup>2</sup>, frárennislagnir 120 m.

Verki skal að fullu lokið fyrir 15. júní 2003.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni á Reyðarfirði og í Borgartúni 7, Reykjavík (móttaka), frá og með mánudeginum 22. júlí 2002. Verð á útboðsgögnum er 1.500 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 þriðjudaginn 6. ágúst 2002 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.

## Framkvæmdafréttir Vegagerðarinnar 26. tbl. 10. árg. nr. 309 22. júlí 2002

Rittstjórn  
og umsjón útgáfu:  
**Viktor Arnar  
Ingólfsson**  
Ábyrgðarmaður:  
**Gunnar Gunnarsson**  
Prentun: Gutenberg

Ósk um áskrift sendist til:  
**Vegagerðin**  
**Framkvæmdafréttir**  
**Borgartúni 7**  
**105 Reykjavík**  
(bréfsími 522 1109)  
eða [vai@vegag.is](mailto:vai@vegag.is)

Vegagerðin gefur út Framkvæmdafréttir til að kynna útboðsfrankvæmdir fyrir verktökum. Fyrirhuguð útboð eru kynnt, útboðsauglýsingar eru birtar og greint er frá niðurstöðum og samningum. Auk þess er í blaðinu annað það fréttafni sem verður til hjá stofnuninni og talið er að eigi erindi til verktaka. Áskrifendur eru m.a. verktakar, verkfræðistofur og fjölmiðlar. Áskrift er endurgjaldslaus.





Vígsla gatnamóta Hringvegjar (Vesturlandsvegjar) og Víkurvegjar 5. júlí. Frá vinstri: Helgi Hallgrímsson vegamálastjóri, Sturla Böðvarsson samgönguráðherra, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir borgarstjóri, Stefán Hermannsson borgarverkfræðingur. Heiðursmenn Vegagerðarinnar voru Guðmundur Vignir Þórðarson og Hörður Þór Ástþórsson. Skæravörður var Margrét Arna Víktorsdóttir.

Ný mislæg gatnamót Hringvegjar (Vesturlandsvegjar) og Víkurvegjar er samvinnuverkefni Vegagerðarinnar og Reykjavíkurborgar.

## Forsendur og umhverfi

Verið er að byggja upp nýtt íbúðahverfi í Grafarholti, sem kallar á afkastameiri umferðatengingu að hverfinu. Umferðatenging frá íbúðabygginginni í Grafarvogi um Víkurveg á Hringveginn mun einnig batna með nýju gatnamótunum.

Í þessum fyrsta áfanga sem nú var tekinn í notkun, er Hringvegur tvöfaldaður að Úlfarsá. Ljósagatnamót við Víkurveg eru lögð af og Víkurvegur lagður á brú yfir Hringveginn með tilheyrandi römpum. Nýi Víkurvegurinn tengist núverandi Víkurvegi í hápunkti á Keldnaholti vestan Hringvegjar, en að austanverðu tengist hann við ný ljósagatnamót Þúsaldar og Reynisvatnsvegjar.

Öryggi gangandi vegfarenda mun einnig aukast. Stofnstígur (göngu- og hjólastígur) ásamt reiðstíg, sem þegar ná norður fyrir Grafarlæk, verða framlengdir að Úlfarsá.

Stígarnir fara undir nýju brúna að vestanverðu og síðan í göngum undir tengirampa. Gönguleiðin tengist með rampa og tröppum yfir brúna og tengir Grafarholt við Grafarvog. Stígarnir eru þriggja metra breiðir og liggja nánast saman í undirgöngum og undir brú en eru aðgreindir þar með handriði eða vegg. Annars eru þeir mest aðskildir.

Í síðari áföngum verður brúin yfir Hringveginn tvöfölduð og römpum fjölgað í samræmi við það. Árið 2000 var umferð um Víkurveg um 10.000 bílar á sólarhring að meðaltali en árið 2008 er áætlað að umferð um Víkurveg verði u.þ.b. 16.000 bílar á sólarhring og umferð á Hringvegi undir brúna um 20.000 bílar á sólarhring.

## Mannvirki

Nýja brúin er sú syðri af tveim fyrirhuguðum. Hún er staðsteypt, eftirspennt plötubrú. Hún myndar 21° horn við Hringveg og

hvílir á landstöplum hvoru megin og einum stöpli í miðeyju. Öll hönnun miðar að því, að halda þversniði opnu til að mynda léttleika í ásýnd mannvirkisins.

Helstu magntölur: Vegagerð: gröftur 100.000 m<sup>3</sup>, fyllingar 130.000 m<sup>3</sup>, malbikaðir fletir 25.000 m<sup>2</sup>.

Brúargerð: mótafletir 4.000 m<sup>2</sup>, steinsteypa 1.500 m<sup>3</sup>.

Að verkinu standa Vegagerðin og Reykjavíkurborg. Samtímis þessari framkvæmd var unnið við endurnýjun og lagfæringar á stofnlögnum Orkuveitu Reykjavíkur á svæðinu.

Áætlaður kostnaður: 445 m.kr. Þar af er hlutur Vegagerðarinnar 69% eða 307 m.kr. og hlutur Reykjavíkurborgar 31%, eða 138 m.kr. Kostnaður Orkuveitu Reykjavíkur vegna færslu lagna er 18 kr.

Helstu hönnuðir og ráðgjafar: VSO – Ráðgjöf. samræming hönnunar, Almenna verkfræðistofan hf. veghönnun, Gláma-Kím arkitektar, Landark ehf. landslagsarkitektar, Fjarhitun hf. lagnir, Orkuveita Reykjavíkur götulýsing, Vinnustofan Þverá ehf. umferðarljós.

Aðalverktakar: Sveinbjörn Sigurðsson ehf. brúarsmíði, Jarðvélar sf. jarðvinna. Eftirlit: Línuhönnun hf.

Einnig hafa fjölmargir starfsmenn Vegagerðarinnar, Reykjavíkurborgar og Orkuveitu Reykjavíkur komið að þessu verki.

## Yfirlit framkvæmda - kort

Að gefnu tilefni er rétt að eftirfarandi komi fram. Á kortum yfir framkvæmdir 2002 sem hafa birst í þessu blaði í vor og sumar eru vegir merktir inn sem stofnvegir, tengivegir og landsvegir. Kortagrunnurinn sem notaður hefur verið er ekki nákvæmlega réttur með tilliti til þessa og hafa borist ábendingar um villur. Reynt verður hafa þetta réttar á næsta ári en þessi kort eru fyrst og fremst til að gefa nokkra yfirsýn yfir framkvæmdir en ekki ábyggilegar heimildir um vegakerfið að öðru leyti.

## Niðurstöður útboða

### Hringvegur (1), Melrakknes - Blábjörg 02-025

Tilboð opnuð 15. júlí 2002. Austurlandsumdæmi. Gerð Hringvegar á 5 km löngum kafla frá Melrakknesi og inn fyrir Blábjörg í Álftafirði.

Helstu magnbólur: fyllingar 88.000 m<sup>3</sup>, bergskerlingar 8.000 m<sup>3</sup>, neðra burðarlag 34.000 m<sup>3</sup>, efra burðarlag 7.000 m<sup>3</sup>, klæðing 33.000 m<sup>2</sup>.

Verki skal að fullu lokið fyrir 10. júlí 2003.

nr. Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
12 Jarðverk ehf., Hornafirði	129.261.600	158,1	69.970
11 Nóntindur ehf., Búðardal	111.558.500	136,5	52.267
10 Norðurtak ehf., Sauðárkróki	93.958.000	114,9	34.666
9 Klæðning ehf., Kópavogi	89.684.000	109,7	30.392
--- Áætlaður verktakakostnaður	81.750.000	100,0	22.458
8 Jón Hlíðdal ehf. og Einar Bjarnason	79.844.500	97,7	20.553
7 Vélaleiga Sigga Þór ehf., Egilsstöðum	79.831.000	97,7	20.540
6 Hagverk ehf., Fellabæ	74.410.115	91,0	15.119
5 Ólafur Halldórsson, Hornafirði	71.962.500	88,0	12.671
4 SG vélar ehf., Djúpavogi	71.000.000	86,9	11.708
3 Dal-Björg ehf., Breiðdalsvík	67.841.600	83,0	8.550
2 Þ.S. verktakar ehf., Egilsstöðum	66.816.451	81,7	7.525
1 Rósaberg ehf., Hornafirði	59.291.500	72,5	0

### Skarðsvegur (793), 2002 02-066

Tilboð opnuð 8. júlí 2002. Norðurlandsumdæmi vestra. Um er að ræða nýbyggingu á 580 m löngum kafla á skíðasvæði Sigfirðinga í Skarðsdal.

Helstu magnbólur: fyllingar og fláafleygar 16.800m<sup>3</sup>, ræsalögn 45 m, burðarlag 2.550 m<sup>3</sup>, malarslitlag 225 m<sup>3</sup> og frágangur fláa 16.000 m<sup>2</sup>.

Verki skal að fullu lokið 1. september 2002.

nr. Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
3 Nóntindur ehf., Búðardal	17.832.250	225,6	10.672
2 Þórarinn Kristinnsson, Fells koti	11.457.910	144,9	4.298
--- Áætlaður verktakakostnaður	7.905.000	100,0	745
1 Bás ehf., Siglufirði	7.160.100	90,6	0

### Arnarvatnsvegur (F578), 2002 02-070

Tilboð opnuð 8. júlí 2002. Norðurlandsumdæmi vestra. Um er að ræða lagfæringu á heiðarvegi á Arnarvatnsheiði í Vestur-Húnavatnssýslu.

Helstu magnbólur: lengd kafla 10 km. Fylling 9.000 m<sup>3</sup>.

Verki skal að fullu lokið 1. september 2002.

nr. Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
5 Nóntindur ehf., Búðardal	9.280.000	144,5	4.678
4 Ingileifur Jónsson ehf., Svínvatni	7.800.000	121,4	3.198
--- Áætlaður verktakakostnaður	6.423.300	100,0	1.822
3 Sel ehf., Skagafirði	5.965.000	92,9	1.363
2 Steypustöð Blönduóss	5.900.000	91,9	1.298
1 Þórarinn Kristinnsson, Fells koti	4.601.520	71,6	0

### Mælifellsdalsvegur (F756), ræsi í Bugakvísl 02-045

Tilboð opnuð 15. júlí 2002. Norðurland vestra.

Mælifellsdalsvegur (F756), ræsi í Bugakvísl.

Helstu magnbólur: lengd vegar 280 m, fyllingar og fláafleygar 9.000 m<sup>3</sup>, stálplöturæsi 27 m, neðra burðarlag 950 m<sup>3</sup>, frágangur fláa 4.000 m<sup>2</sup>, rofvörn 60 m<sup>3</sup>.

Verki skal að fullu lokið 15. september 2002.

nr. Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
5 Þróttur ehf., Akranesi	9.864.760	143,7	5.969
4 G. Hjálmarsson hf., Akureyri	8.900.000	129,7	5.004
3 Þórarinn Kristinnsson, Fells koti	7.485.339	109,1	3.590
--- Áætlaður verktakakostnaður	6.863.500	100,0	2.968
2 Steypustöð Skagafjarðar ehf., Sauðárkróki	5.277.630	76,9	1.382
1 Sigurbjörn Skarphéðinnsson, Sauðárkróki	3.895.585	56,8	0

### Áætlunarflug Höfn, Hornafirði 2002 - 2003 02-047

Tilboð opnuð 1. júlí 2002. Rekstur á áætlunarflugi á flugleiðinni Reykjavík-Höfn-Reykjavík. Um er að ræða útboð á endurgreiðslu kostnaðar að frádregnum tekjum vegna farþegaflutninga í áætlunarflugi milli Hafnar í Hornafirði og Reykjavíkur.

nr. Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
2 Flugfélag Íslands hf.	36.993.300	108,3	8.201
--- Kostnaðaráætlun Vg.	34.160.000	100,0	5.368
1 Íslandsflug hf.	28.792.000	84,3	0

## Yfirlit yfir útboðsverk

Þessi listi er stöðugt til endurskoðunar og geta dagsetningar og annað breyst fyrirvaralaust. Það eru auglýsingar útboða sem gefa endanlegar upplýsingar. Fremst í lista er númer útboðs í númerakerfi framkvæmdadeildar. Þá er skammstöfun fyrir umdæmi Vegagerðarinnar: Sl: Suðurland, Rn: Reykjanes, V: Vesturland, Vf: Vestfirðir, N.v: Norðurland vestra, N.ey: Norðurland eystra, Au: Austurland.

Fyrirhuguð útboð	Auglýst: dagur, mánuður, ár
02-044 N.v. Siglufjarðarvegur (76), Gránugata - Tjarnargata á Siglufirði	03
02-019 V. Snæfellsnesvegur (54), um Kolgrafafjörð	02
01-018 Rn. Nesbraut (49), færsla Hringbrautar, hönnun	02
02-074 Vf. Vestfjarðavegur (60), ræsi í Ausuá í Dýrafirði	02
02-026 Au. Norðausturvegur (85) Hölná – Miðheiðarhryggur	02
02-056 Sl. Hringvegur (1), brú á Þjórsá	02
02-009 N.v. Hringvegur (1), um Hnausakvísl forsteyptar einingar 2002-2003	02
02-055 Au. Hringvegur (1), Biskupsháls - Vegaskarð	02
02-015 Sl. Hringvegur (1), við Hellu	02
02-014 Sl. Hringvegur (1), vega- og brúargerð við Skaftá	02
00-054 Rn. Hallsvegur (432), Fjallkonuvegur – Víkurvegur	02
02-078 Rn. Reykjanesbraut (41), breikkun Hvassahraun - Strandarheiði	Nýtt á lista 02
02-060 Sl. Snjómokstur og hálkuvörn, uppsveitir Árnassýslu, austurhluti	02
02-061 Sl. Snjómokstur og hálkuvörn, uppsveitir Árnassýslu, vesturhluti	02
01-009 Au. Upphéraðsvegur (931), Fellabær – Setberg	07.02
02-027 Au. Styrking og mölburður á Austurlandi 2002-2003	07.02
Útboð sem hafa verið auglýst	Auglýst: Opnað:
02-072 Rn. Hafnarfjarðarvegur (40), aðreini Digranesvegur	22.07.02 06.08.02
02-073 Au. Suðurfjarðavegur (96) á Fáskrúðsfirði	22.07.02 06.08.02
02-007 N.v. Hringvegur (1), um Hnausakvísl, vegtengingar 2002-2003	15.07.02 29.07.02
02-067 Sl. Hringtorg á Eyravegi, Selfossi	15.07.02 29.07.02
02-075 Sl. Votmúlavegur (310) 2002, styrking og klæðing	15.07.02 29.07.02
Útboð á samningaborði	Auglýst: Opnað:
02-025 Au. Hringvegur (1), Melrakkane - Blábjörg	01.07.02 15.07.02
02-045 N.v. Mælifellsdalsvegur (F756), ræsi í Bugakvísl	01.07.02 15.07.02
02-071 Sl. Hringvegur (1), Þjórsá, eftirlit	01.07.02 15.07.02
02-066 N.v. Skarðsvegur (793), 2002	24.06.02 08.07.02
02-070 N.v. Arnarvatnsvegur 2002	24.06.02 08.07.02
01-048 Sl. Hringvegur (1), vegur um Þjórsá	18.06.02 08.07.02
01-122 Veggöng 2002 - Forval	21.05.02 24.06.02
02-047 Áætlunarflug, Höfn í Hornafirði, 2002-2003	27.05.02 01.07.02
02-035 N.ey. Styrking og mölburður í Suður-Þingeyjarsýslu	03.06.02 18.06.02

Útboð á samningaborði, framh.	Auglýst:	Opnað:
02-064 Rn. Hringvegur (1), hringtorg við Skarhólabraut	03.06.02	18.06.02
02-053 V. Vetrarþjónusta: Guðlaugsvík - Hólmavík - Reykjanes, 2002-2005	27.05.02	10.06.02
Samningum lokið	Opnað:	Samíð:
02-032 Vf. Djúpvvegur (61), Ós – Bolungarvík Hólsvélar ehf., Bolungarvík	27.05.02	09.07.02
01-035 N.ey. Svarfaðardalsvegur (805) og Tunguvegur (806), Húsabakkaskóli - Ytra Hvarf Árni Helgason, Ólafsfirði	10.06.02	16.07.02
02-008 N.v. Hringvegur (1), brú á Vatnsdalsá (Hnausakvísl), smíði stálbita 2002-2003 Vélsmiðja KÁ hf., Selfossi	03.06.02	11.07.02
02-052 V. Vetrarþjónusta í Ísafjarðarsýslu Þingeyri - Flateyri 2002-2005 Kubbur ehf., Ísafirði	03.06.02	12.07.02
02-062 V. Útnesvegur (574), Móðulækur - Gufuskálar Stafnafell ehf., Snæfellsbæ	18.06.02	05.07.02
02-036 N.ey. Mölburður í Norður-Þingeyjarsýslu 2002 Reynir Baldur Ingvason, Brekku Aðaldal	18.06.02	15.07.02

## Niðurstöður útboða

### Hringvegur (1), um Þjórsá, vegur og brú, eftirlit 02-071

Tíboð opnuð 15. júlí 2002. Suðurlandsumdæmi. Eftirlit með nýbyggingu 4 km vegar beggja vegna Þjórsár og byggingu 170 m langrar brúar á Þjórsá.

Áætlað er að framkvæmdakostnaður við verkið verði um 500 m.kr. og að vegaf framkvæmdir hefjist í júlí 2002 og verði að fullu lokið í október 2003 og brúarframkvæmdir hefjist í október 2002 og verði að fullu lokið í október 2003.

nr.	Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
---	Áætlaður verktakakostnaður	17.500.000	100,0	8.750
9	Fjarhitun hf., Reykjavík	15.000.000	85,7	6.250
8	Verkfræðistofa Suðurlands, Selfossi	15.000.000	85,7	6.250
7	Hönnun hf., Reykjavík	14.350.000	82,0	5.600
6	VSÓ ráðgjöf ehf., Reykjavík	13.000.000	74,3	4.250
5	Verkfræðistofa Guðjóns Sigfússonar ehf. og Verkfræðistofa Sig. Thoroddsen hf.	12.600.000	72,0	3.850
4	Fjölhönnun ehf., og Hnit hf., Reykjavík	12.191.040	69,7	3.441
3	Línuhönnun hf., Reykjavík	12.000.630	68,6	3.251
2	Verkfræðistofa Björns Ólafssonar ehf., Kópav.	8.988.900	51,4	239
1	Verkfræðistofa FHG, Reykjavík	8.750.000	50,0	0